

**Frá starfsemi Suðurlandsdeildar
Veðimálastofnunar árið 1997**

Magnús Jóhannsson

Selfossi, júlí 1998 VMST-S/98004

VEIÐIMÁLASTOFNUN - SUÐURLANDSDEILD

Austurvegi 1, 800 Selfoss
Sími: 482-2318 Bréfasími: 482-2995
Netfang: mjoh@selfoss.is

Inngangur.	1
Silungsrannsóknir í Veiðivötnum.	1
Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.	1
Lífrikisrannsóknir í Sogi.	1
Landnám lax ofan Búða í Þjórsá.	2
Úlfljótsvatn.	3
Rangárnar.	3
Búsvæðamat	3
Sjóbirtingsrannsóknir.	4
Önnur verkefni.	5
Rita-og erindaskrá.	5

Inngangur.

Á Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar á Selfossi starfaði á árinu einn sérfræðingur ásamt rannsóknarmanni í hlutastarfi. Velta deildarinnar á sl. ári var tæpar 6,2 millj. og sértekjur rúmar 4,8 millj.

Eins og í öðrum landsbyggðadeildum stofnunarinnar byggist starfsemin að miklu leyti á þjónusturannsóknum sem unnin eru fyrir veiðifélög. Þjónusturannsóknir tengdar vatnsvirkjunum hafa farið vaxandi. Einnig hefur deildin unnið að sértækari rannsóunarverkefnum. Í þessari samantekt er greint frá helstu verkefnum deildarinnar sem unnið var að á árinu 1997.

Silungsrannsóknir í Veiðivötnum.

Á síðasta ári var haldið áfram rannsóknum á silungi í Veiðivötnum en þar hefur verið fylgst með ásandi urriða og bleikju árlega síðan 1985. Nokkur lægð var í silungsveiði í Veiðivötnum í sumar. Stór hluti veiðinnar síðustu ár er tilkominn vegna sleppinga urriðaseiða en aðstæður í Veiðivötnum eru erfiðar til nýliðunar urriða. Rannsóknir sýna að lægð í urriðaveiðinni má rekja til lélegrar náttúlegrar nýliðunar og þess að sleppingar urriðaseiða féllu niður í nokkur ár. Á síðustu árum hefur orðið vart við aukna nýliðun sem ásamt seiðasleppingum koma til með að valda aukinni veiði á næstu árum. Rannsóknir og ráðgjöf í Veiðivötnum eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafreittar

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.

Unnar voru rannsóknir á vatnasvæði Ölfurár-Hvítár. Seiðabúskapur svæðisins var kannaður, og fylgst með aldursamsetningu göngufisks. Sérstök áhersla hefur verið lögð á athugun á seiðabúskap og aldursrannsóknir á laxi í Stóru-Laxá. Rannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru unnar fyrir Veiðifélag Árnesinga hafa verið árlega síðan 1985.

Lífríkisrannsóknir í Sogi.

Lífríkisrannsóknir á vatnasvæði Sogsins hófust á síðasta ári. Megin tilgangur þeirra er að fylgjast með hvaða áhrif breyttir rennslishættir vegna reksturs Sogsvirkjana og aðgerðir í Efra-Sogi hafi á lífríki Sogsins. Verkefnið felur í sér könnun á magni bitmýs, athugun á seiðabúskap Sogsins og þveráa þess og aldursrannsókn á göngulaxi í Sogi og Ásgarðslæk. Þéttleiki botndýra í Sogi og Efra-Sogi var metinn og komið fyrir flugnagildrum sem veiða

flugur í þeim tilgangi að meta magn bitmýs. Fyrirhugað er að halda þessum rannsóknum áfram næstu ár. Verkefnið í Sogi er unnið fyrir Landsvirkjun.



Mynd 1. Á árinu hófust rannsóknir á lífríki Sogsins. Á myndinni sést flugnagildra sem ætlað er að veiða flugur til að meta magn bitmýs við Sog.

Landnám lax ofan Búða í Þjórsá.

Á vatnasvæði Þjórsár var unnið að verkefni sem miðar að því að fylgjast með landnámi lax ofan laxastiga í fossinum Búða. Stiginn stækkar töluvert hrygningar- og uppeldissvæði fyrir lax í Þjórsá og þverám hennar. Rannsóknirnar hafa staðfest hrygningu og náttúrulegt uppeldi laxa á svæðinu ofan stigans. Verkefnið, sem hófst á árinu 1993 er unnið fyrir Landsvirkjun í samvinnu við Veiðifélag Þjórsár.

Úlfljótsvatn.

Í Úlfljótsvatni var ástand fiskstofna athugað líkt og árlega frá 1992. Rannsóknir þessar miða að því að fylgjast með ástandi fiskstofnanna í vatninu m.a. með nýtingu í huga. Miklar breytingar hafa orðið á fiskstofnum vatnsins í kjölfar Sogsvirkjana. Rannsóknirnar í Úlfljótsvatni eru unnar fyrir Veiðifélag Úlfljótsvatns í samvinnu við Vistfræðideild Veiðimálastofnunar. Rafmagnsveitur Reykjavíkur veittu fjárstuðning til rannsókna.

Rangárnar.

Metveiði varð í Rangánum á sl. sumri. Á síðustu árum hafa Rangárnar verið meðal aflahæstu laxveiðiaá á landinu. Rangárnar voru til skamms tíma nær eingöngu silungsveiðiár en laxveiði þar byggir nær eingöngu á sleppingum gönguseiða. Á árunum 1989 til 1996 var að jafnaði sleppt um 128 þús. gönguseiðum á ári, sem hafa gefið að jafnaði 1,4 % heimtur. Þrátt fyrir góða veiði á síðasta sumri voru hlutfallslegar heimtur minni en oft, áður eða um 0,6 %. Aðstæður í Rangánum eru um markt sérstæðar til gönguseiðasleppinga. Árnar eru lindár með stöðugu rennsli sem skapar ákjósanleg skilyrði fyrir sleppitjarnagerð. Þá eru aðstæður til stangveiða góðar. Þótt sleppingar gönguseiða í Rangánum hafi skilað sér í góðri laxveiði og þær virðist vera arðbærar eru þær enn í þróun.

Suðurlandsdeild stundar rannsóknir og veitir ráðgjöf fyrir veiðifélögin og leigutaka á svæðinu. Merkingar hafa sýnt að heimtur hafa verið mjög misjafnar milli ára og seiðahópa. Tilraunir eru m. a. gerðar með sleppingar stálpaðra laxaseiða sem geymd eru í aðstöðu við árnar frá hausti fram á vor. Sambærilegar sleppingar eru í Elliðaánum og Fnjóská. Verkefni þetta er styrkt af Fiskræktarsjóði. Fyrihugað er að gera frekari sleppitilraunir í Rangánum sem miða að því að meta áhrif seiðastærðar og sleppitíma á heimtur.

Unnið var að merkingum á náttúrlegum sjóbirtingi og bleikju í Ytri-Rangá. Um 35 % af sjóbirtingnum hefur endurheimst. Allir utan einn komu fram í Rangánum. Einn fiskur merktur vorið 1997 kom fram í Ölfusárósi.


Búsvæðamat .

Á árinu var unnið að nokkrum verkefnum sem miðar að því að meta gæði uppeldisbúsvæða fyrir laxfiskaseiði. Á Veiðimálastofnun er nú unnið að samræmdu flokkunarkerfi fyrir búsvæðamat. Niðurstöður búsvæðamata eru m.a. lagðar til grundvallar við hlunnindamat á veiðiam. Mötin hafa einnig mikla þýðingu fyrir fiskrækt. Á síðasta ári var unnið að mati á

búsvæðum laxfiska á vatnasvæði Eystri-Rangár. Verkefnið fólst einkum í kortlagningu á botngerð, athugun á straumlagi, leiðnimælingum árvatnsins, ásamt athugun á seiðabúskap. Það var unnið fyrir Veiðifélag Eystri-Rangár í tengslum við arðskrárgerð. Í sumar var einnig unnið að mati á ófiskgengum svæðum í þverám Sogsins.

Sjóbirtingsrannsóknir.

Suðurland hefur nokkra sérstöðu hvað varðar sjóbirtingsgengd en á austanverðu Suðurlandi eru margar af bestu sjóbitringveiðiám landsins. Sértek rannsóknarverkefni deildarinnar



Mynd 2. Hlutfallslegar heimtur eftir heimtustöðum á sjóbirtingum sem veiddir voru og merktir vorið 1996 í Fitjarflóði í Grenlæk. Samtals voru merktir 388 fiskar og af þeim heimtust 84. Eingöngu er um að ræða fiska sem veiddust eftir að hafa gengið í sjó. Um 90 % sjóbirtinganna veiddust aftur á vatnasvæði Grenlækjar, þ.e. í Jónskvísl og Grenlæk. Einn fiskur veiddist í sjó í Hornafirði, 4 komu fram í Skaftá, 2 í Geirlandsá og 2 í Eldvatni í Meðallandi.

hafa mótast af þessu en nú standa yfir umfangsmiklar rannsóknir á lífsháttum og nýtingu sjóbirtingi í Skaftárhreppi. Rannsóknir þessar hófust árið 1995. Þær fara fram í Grenlæk og á vatnasvæði Skaftár. Við rannsóknirnar eru m.a. notuð mælimerki, sem nema hita og djúpi þar sem merktur fiskur er hverju sinni. Hefur Jóhannes Sturlaugsson á Vistfræðideild stofnunarinnar stjórnað þeim þætti. Rannsóknirnar taka auk þess fyrir, seiðarannsóknir,

hefðbundnar merkingar, ratvísi sjóbirtings, aldursrannsóknir, göngur og mat á veiðialagi vor og haust. Frá sumrinu 1996 hefur verið starfræktur fiskteljari í Grenlæk, (Árvaki) frá fyrirtækinu Vaki hf. Nú liggja fyrir mjög áhugaverðar niðurstöður um gönguhegðun sjóbirtingsins í Grenlæk sem byggja á merkingum (mynd 2) og gögnum úr teljara.

Lífsháttarannsóknirnar hafa fengið stuðning og velvilja ýmissa aðila ekki síst heimamanna og stangveiðimanna. Fjárstuðningur hefur fengist frá Fiskræktarsjóði. Rannsóknarsjóður hefur stutt mælimerkjarannsóknirnar fjárhagslega og veitti á árinu, fé til kaupa á fiskteljaranum Árvaka.

Önnur verkefni.

Deildin tók þátt í könnun á útbreiðslu kísilþörungum sem fyrst varð vart hér á landi fyrir nokkrum árum og virðist breiðast hratt út. Þörungur þessi, sem hefur verið nefndur vatanflóki, myndar gjarna þörungamottu á botni áa. Hann fannst í 17 ám af þeim 31 sem hans var leitað í á Suðurlandi. Mikil þekja vatnaflóka hefur valið nokkrum áhyggjum en ekki er ljóst hver áhrif hans eru á lífríki ána.

Suðurlandsdeild hefur safnað neta- og að hluta til stangveiðiskýslum á Suðurlandi. Skráning á stangveiddum laxi er víðast hvar góð en skráning á silungi hefur ekki verið eins góð þótt allvíða sé stangveiddur afli skráður. Deildin vinnur að því að bæta skráningu á veiði með sérstakri áherslu á silungsveiði.

Veitt var ráðgjöf í fiskeldi sem var eikum varðandi framleiðslu seiða til fiskræktar en einnig vegna bleikjueldis. Á deildinni voru gerðar ýmsar umsagnir vegna fyrirhugaðra framkvæmda, m.a. vegna efnistöku til vegagerðar.

Rita-og erindaskrá.

Skýrslur:

Magnús Jóhannsson, 1997. Seiðasleppingar í Ytri-Rangá 1996. Veiðimálastofnun, VMST-S/97001X: 17 bls.

Magnús Jóhannsson, 1997. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar. Veiðimálastofnun, VMST-S/97002: 8 bls. Einnig í ársriti Búnaðarsambands Suðurlands 1996.

Magnús Jóhannsson, 1997. Veiðivötn á Landmannafrétti. Fiskrannsóknir árin 1993 til 1996. Veiðimálastofnun, VMST-S/97003: 48 bls.

Magnús Jóhannsson, 1997. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 1997. Veiðimálastofnun, VMST-S/97004: 25 bls.

Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson, 1997. Úlfjótsvatn. Rannsóknir á fiski 1997. VMST-S/97005: 13 bls.

Magnús Jóhannsson, 1997. Rannsóknir á fiski og bitmýi í Sogi árið 1997. Veiðimálastofnun VMST-S/97006: 24 bls.

Önnur rit:

Guðni Guðbergsson, Magnús Jóhannsson og Þórólfur Antonsson, 1997. Rannsóknir á fiskstofnum Kvíslaveitu. Veiðimálastofnun, VMST-R/97002X: 18 bls.

Magnús Jóhannsson, 1997. Silungsveiði í Veiðivötnum á Landmannafrétti. Morgunblaðið 6. Nóv. 1997.

Jóhannes Sturlaugsson og Magnús Jóhannsson, 1997. Migration study of Wild sea trout (*Salmo trutta* L.) in SE-Iceland: Depth movements and water temperatures recorded by data storage tags in freshwater and marine environment. Proceedings of Fifth European Conference on Wildlife telemetry. Staarsbourg, France 25-30 August 1996. 10 s. (í prentun).

Erindi:

Magnús Jóhannsson, 1997. Fiskar í Skaftárhreppi. Ráðstefna um náttúrufar og lífríki Skaftárhrepps, Kirkjubæjarklaustri 7. og 8. mars 1997.

Magnús Jóhannsson, 1997. Rannsóknir á sjóbirtingi í Grenlæk. Fræðslufundur hjá stangveiðifélaginu Ármönnum, Reykjavík 26. mars. 1997.

Magnús Jóhannsson, 1997. Lífshættir sjóbirtings og veiði. Málstofa um nýtingu silungsvatna á vegnum Hólaskóla, Laugalandi Holtum 19. og 20. apríl 1997.

Magnús Jóhannsson, 1997. Fiskrækt á Suðurlandi. Samtök veiðifélaga á Suðurlandi, Hvolsvelli 22. október 1997.

Auk þess erindi um á aðalfundum: Veiðifélags Landmannafréttar, Veiðifélags Árnesinga, Veiðifélags Þjórsár, Veiðifélags Skaftár og Veiðifélags Grenlækjar og erindi um gönguseiði á laxaræktarfundum Veiðimálastofnunar í febrúar 1997.